

82. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Skor þekkingarsetri á Patreksfirði miðvikudaginn 9. febrúar 2011 kl. 16.00.

Mættir : Björn Jóhannesson lögfræðingur, Egill Ólafsson, Björgvin Sigurjónsson og Magnús Ólafs Hansson.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

Dagskrá:

1. Lögfræðialit vegna innsetningar í safnmuni.
2. Málefni kaffiteríunnar
3. Starfssemi safnsins í vor og sumar
4. Önnur mál

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega Björn Jóhannesson lögfræðing.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Björn Jóhannesson fór yfir málefni innsetningar í geymslur Kristins Þórs Egilssonar á Hnjóti vegna safnmuna í þeim.
2. Tekin var fyrir umsókn og fyrirspurnir um tilboð í kaffiteríu safnsins. Stjórninni leist best á umsóknina frá vörumerkinu „*Gott í kroppinn*“. Formanni falið að undirbúa drög að samningi um kaffiteríuna vegna leigusamnings.

Fundi frestað kl. 17.30.

Fundi fram haldið föstudaginn 25. febrúar kl. 13.00 í Minjasafninu á Hnjóti í Örlygshöfn

Mættir :

Egill Ólafsson, Björgvin Sigurjónsson, Sigurbjörg Ásgeirsdóttir safnvörður og Magnús Ólafs Hansson.

Magnús bauð fundarmenn velkomna til framhaldsstjórnarfundar. Hér var gengið til áframhaldandi dagskrár.

2. framh. Magnús kynnti hugmyndir frá væntanlegum leigjendum um opnunartíma. Safnvörður vildi skoða málefnið frekar og leggja sínar hugmyndir fyrir stjórnarmenn á allra næstu dögum. Magnús lagði fram drög að „Afnota og leigusamning um veitingaaðstöðu í safnahúsi, Minjasafnsins að Hnjóti í Örlygshöfn“ sem áður hefur verið kynntur fyrir stjórnarmönnum. Umræður fóru fram um drögin. Stjórnin samþykkir framlögð drög að leigusamningnum og felur formanni að skrifa undir hann fyrir hönd stjórnar eftir skoðun safnvarðar. Samningurinn fylgir fundargerð þessari.
3. Lagðar voru fyrir fundinn hugmyndir um að leggja sérstaka áherslu á sýningu komandi sumar í safninu af björgunarafrekinu við Látrabjarg. Þar verði því fólki sem kom að slysinu með einum eða öðrum hætti gerð sérstök skil. Safnverði falið að vinna að frekari útfærslum á væntanlegri sýningu og leggja fyrir stjórnarmenn á næstu dögum.

4 Önnur mál.

Safnvörður hefur áhyggjur af því að nægt neysluvatn fyrir safnið verði ekki komandi sumar. Safnvörður leggur til að neysluvatnsmálum verði komið í lag fyrir opnun safnsins í maí nk.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50